

| |
|-----------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. <u>BS</u> |
| 25 OKT. 2007 |
| <u>54.52</u> |
| Tilv. <u>UST20071000038</u> |



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2007

Tilvísun: UST20071000038/bs

Ný jarðgöng undir Hvalfjörð. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að grafa ný göng austan núverandi jarðganga og munu nýju göngin vera að mestu samhliða núverandi göngum.


Helstu umhverfisáhrif framkvæmda af því tagi sem hér um ræðir tengjast oftast haugsetningu útmoksturs. Við gerð nýrra jarðganga undir Hvalfjörð mun falla til um 400-450.000 m³ af efni. Fyrirhugað er að haugsetja 250-300 m³ á núverandi haugsvæði sunnan Hvalfjarðar.

Norðan fjarðarins er ráðgert að haugsetja um 200.000 m³ í ófrágenginni námu í landi Innri Hólms. Ósamræmi virðist vera í gögnum Spalar varðandi magn þess efnis sem til fellur við jarðgangagerðina.

Umhverfisstofnun telur ofangreinda staði henta vel til haugsetningar. Stofnunin telur ekki líklegt að fyrirhuguð jarðgangagerð undir Hvalfjörð muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jensson
Forstöðumaður